Glæsikonan og sjónvarpsþulan Guðrún Óðinsdóttir hefur örlög margra í hendi sér. Mennirnir eru allnokkrir og elska hana allir. Hverjum er hún verst? Hvern elskar hún mest? Fuglinn í hendi eða hinn í skógi? Þegar maður finnst með höfuðið sundurskotið þarf rannsóknarlögreglumaðurinn Leó að grafast fyrir um fortíð hins látna.

Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir vefur á snilldarlegan hátt örlög persóna sinna í sögu þar sem afbrýðisemi og græðgi ráða för.


„... þetta er enginn venjulegur krimmi ... hún skemmtir lesandanum á mörgum plönum, er spennandi, fyndin og alvarleg allt í senn.“

Jón Yngvi Jóhannsson / Ísland í dag
um Kalt er annars blóð

„... kynngimagnaður krimmi.“

Gerður Kristný / Mannamál
um Kalt er annars blóð

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Ofsi

Að vera kallaður á morðstað er heimsviðburður í lífi þess sem mætir, skekur mann á við hryllilega heimsfrétt.

Tilfinningin minnir á 9–11, hrunda tvíburaturna, *Tsunami*-hroðann eða innrás í Írak. Þetta morð ýfir hann svona upp af því að hann hefur hitt þann dauða og haft náin kynni af Guðrúnu, hans fyrrverandi. Mikið þarf til að setja ljónið úr jafnvægi og nú hefur það enga undankomuleið. Gera verður það næsta sem liggur fyrir, eins og hann er vanur að segja við sjálfan sig, stundum upphátt. Það hjálpar. *Do the next indicated thing* … eins og hann heyrði á FM 88,5. Vinda sér í það, finna sér eitthvað ef ekki gefst betur og nú er nóg, heil súpa af blóði að lesa í. Í henni fljóta limir og líffæri. Efniviður slátrarans að loknu verki. Ekki hestur, bara hrossakjöt.

Hef aldrei fílað mig sem slíkan perra, að kraka í lík elskhuga Guðrúnar, hugsar hann þegar hann stöðvar bílinn og setur á sig hanskana. Hann veit hver hinn látni er. Rakkarapakkið er farið að drepa landsins bestu menn. Reynir að fíla sig sem góðan hermann eða hjálparsveitargæja, en það tekst ómögulega, er bara einn af hræfuglunum sem lifir af því að pota í þá dauðu.

Hann skellir bílhurðinni og vindur sér að húsinu og heyrir þá sér til furðu einhvern spila á píanó í næsta húsi. Ágætt, þetta er bara kvikmynd og hann í gervi líkþjóns, nágranninn hljóðsetur með dapurri músík sem hæfir vel. Leikstjórinn er þessi sami og venjulega, sem talið var að byggi í helgum lundum, kirkjum, himninum, alls

staðar og inni í öllu. Aflið sem heldur rafeind og reikitungli á braut og vefur líf frá jökli til dýpis lætur sér fátt um dauða og þjáningu finnast. Djúpt í forriti tilverunnar liggur kvöl og subbuskapur.

Vera yfir það hafinn, Leó, hugsar hann og rennur upp tröppurnar, með göngulagi manns sem gerir sitt án þess að æðrast og ærast. Sálin lafir sem skuggi en það sjá bara starrarnir.

Banvæn blanda af lífsþorsta og drápsgleði liggur í loftinu. Sem rannsóknarlögreglumaðurinn Ragnar nær ekki að fanga á myndir.

Líkið situr í skrifborðsstólnum og hallast fram á skrifborðið. Byssan er á gólfinu eins og hún hafi fallið niður eftir að hleypt var af. Hrefna hafði heyrt brothljóðið upp í eldhús þegar garðdyrnar voru brotnar og svo hróp og köll, segja félagar hans Ragnar og Svanhvít sem þegar eru á staðnum. Bráðavaktin bara kíkti, tók púls og skildi hann eftir hulinn eins og hann fannst.

Ragnar dregur þykkan bláan borðdúk af fórnarlambinu, gegnvotan af blóði. Við blasir gat við hægra gagnaugað, óraunverulegt eins og andskotinn. Leó er sem lamaður, ekki langt síðan hann var hérna vegna þjófnaðarins og vorkenndi Kjartani óskaplega að hafa misst Guðrúnu. Finnst óþægilegt að sjá þennan kviðmág sinn svona útleikinn. Kviðmágur mun vera mjólkurbróðir á rússnesku, stendur hann sig að því að hugsa meðan augun renna um flosdúkinn sem hafði sogað í sig mestallt blóðið. Snyrtimenni, þessi morðingi, hugsar hann og lítur upp. Skimar í átt til dyranna. Vonar að Guðný fari að koma, lík verða eðlilegri þegar hún er komin á vettvang með tæki sín og tól. Helst hefði hann viljað vera kominn í líkhúsið. Þar eru lík minni ógnun en í heimahúsi.

Loks birtist Guðný með töskuna og stingur hitamæli í munn hins látna. Augu allra elta og horfa gagntekin á blóðið sem hefur klístrast í ljósan kollinn. Þetta er nú allt í lagi, ekki eins ljótt og ég óttaðist,

hugsar Leó … anda djúpt, horfa. Annað eins hefur hann séð. Furðulegt grátt bindi, sem Guðný losar varlega, er hnýtt þétt um hálsinn. Í ljós kemur rautt strik. Svanhvít leggur reglustiku við hlið þess vinstra megin á meðan Ragnar myndar. Sárið er eftir kyrkingu, sem afsannar sjálfsmorð … en af hverju var hann þá skotinn?

Morðinginn hefur kannski ætlað að kyrkja hann en hætt við og notað þess í stað byssuna, hugsar hver með sér. Þegar Hrefna og vinkona hennar komu að skrifstofunni heyrðu þær lykli snúið innan frá í skránni. Leó furðar sig á því að ekki séu sýnilegri merki um átök. Hver hlutur er á sínum stað.

– Gæti verið sár, eftir nál, sprautu? spyr Leó Guðnýju sem skoðar hálsinn.

– Kemur í ljós. Virkar fljótt ef efnið er nógu sterkt.

Hún lýsir á augun og tekið andlitið. Drættirnir verða skarpari þegar hún slekkur.

– Ljótt, segir Leó.

– Jáá. Voða ljótt.

– Voru engin spor úti í garði? spyr Leó, feginn að geta snúið sér undan og að félaga sínum.

– Því miður stétt og gras, enginn jarðvegur, svarar Ragnar með dimmu í auga. – Snjórinn er farinn. Engin spor. Sporlaust, bætir hann við og smjattar á tvíræðninni.

Leó gengur að garðdyrunum eins og til að sannfæra sig um að svo sé. Engin glerbrot sýnileg úti, þau eru öll inni á parketinu. Ragnar stillir sig um að segja: „trúirðu mér ekki eða hvað?“ en tvístígur létt pirraður. Mikið rétt, dúnléttar snjóflögur morguns eru orðnar að rigningu.

Væri grasið hélað mætti lesa úr slóð.

Leó beygir sig fram og leggur kinn að skrifborðinu til að sjá inn í

opið auga dauðans. Augað er eins og það hafi búist við dauða sínum og orðið fegið. Án augnaráðs, ráðlaust augað. Sjónan er sem steinn í vatni og blóðsprunginn ís í kring.

Fær sér hörmungahlé með því að horfa á Guðnýju vinna.

Hún er enginn róbót. Upp úr og niður úr sloppnum ganga persónuleg útskot dömunnar. Flott stígvél hverfa niður í ljósbláar hlífðartútturnar. Hárspenna með brúnu slaufublómi hefur þétt tak á uppsettu hárinu, sléttu og ljósleitu. Hvergi er neitt ýkt við þennan agaða lækni, heldur allt af réttri stærð. Þau sjá hana nær alltaf í slopp þegar daman er falin í hjúp embættis. Hún er ekki ein af þessum kvenlegu meðaltalsvæluskjóðum. Nærveran er feikna sterk. Tjáningin hefur sogað í sig visku og öryggi við hvert próf.

Hún biður hann að hjálpa sér að halla Kjartani aftur í stólinn til að skoða hann betur. Skelfilegt hljóð heyrist þegar stóllinn ýtist til, aðstæðurnar ýkja allt. Ragnar og Leó horfa í augu líksins sitt hvorum megin og svo hvor á annan.

– Þær eru sprungnar, segir Ragnar og lítur ánægjulega til Guðnýjar.

– Og? spyr hún.

Það kemur hik, þeir ætla báðir að segja eitthvað en leyfa henni að útskýra þótt þeir viti hvað þetta þýðir.

– Blóðhlaupin augu benda til þess að hann hafi verið kyrktur hægt, þá springa æðarnar. Það bendir til kvalalosta.

– Einmitt, segir Svanhvít. – Sá sem braust hér inn hefur heyrt í konunum sem komu niður eftir öskur og brothljóð og hætt við að kyrkja hann. Gripið byssuna af veggnum. Þrifið dúkinn. Hann hefur setið lamaður og reynt að ná andanum á meðan.

– Góð, segir Leó.

Þær brosa báðar en skammast sín svo af virðingu fyrir þeim

dauða sem hallar sér aftur á bak í stólnum svo skelfilega leikinn. Guðný lokar augum hans. Þau opnast aftur.

Enginn talar. Öll eru hugsi. Leó horfir á þau mildilega. Honum finnst þau sýna mátulegt jafnvægi milli virðingar og kjánaskapar, frelsis og formfestu. Eins og góður djass. Hann lyftir bindinu sem liggur á borðinu og setur varlega í poka.

– Varla var byssan hlaðin á veggnum, hvað heldur þú, Raggi? segir Leó og gjóar augum á hinn Glockinn sem hangir á veggnum.

Ragnar bendir á skothylki í skúffu sem hann grúfir sig yfir.

– Ekki langt að fara. Hann lyftir skotkassanum og sýnir þeim.

– Ætli hún hafi verið hlaðin? Morðinginn getur hafa pínt hann til að segja sér hvar skotin væru. Eða kannski vissi hann hvar þau voru geymd, segir Raggi, alltaf örgeðja og fljótur að hugsa.

Meðan þeir spjölluðu steig Svanhvít upp í sófann, teygði sig upp á vegginn, náði í hina byssuna, opnaði hana og sýndi þeim.

– Þessi er hlaðin.

Ragnar svarar með flauti.

Hún setur byssuna á sinn stað.

– Gott að tímasetningin er á tæru, segir Guðný.

– Það þarf að staðfesta það, segir Ragnar, tortrygginn.

Æ, Raggi, hugsar Leó því hann veit hvað hann ætlar að segja.

– Líkamshitinn rýkur upp við kyrkinguna. Hitakófið misjafnt … orðin festast í hálsi Ragnars þegar hann sér pirringinn í augnaráði Leós.

– Skrítið að hann sé með bindi, heima að vinna, segir Svanhvít.

– Kannski skyndiákvörðun, segir Ragnar, sem náði ekki því sem hún sagði, – ég meina morðið.

– Já, samþykkir hún. – Ekki fyrirfram planað.

– Byssan var hér eins og bindið, segir Leó og bendir á vegginn. – Ákveðið á staðnum. *My guess too.*

Læti að ofan, í síma eða björllu, berast niður til þeirra.

– Sé engin merki um átök undir nöglum, engan blóðlit eða hold. Guðný stingur sköfu sem hún var að nota í poka og smeygir í vasa í töskunni. – Hann hefur ekki náð að verja sig … þannig. Ekki klórað.

Þrír aðstoðarmenn eru mættir í fullum skrúða. Ragnar minnir þá á algjört þagnarheit þar til fullljóst sé hvað hafi átt sér stað. Fjölmiðlamenn séu viðbjóður þegar svona gerist.

Leó hafði hugsað sér að biðja Svanhvíti að tala við fréttamennina þótt Ragnar verði fúll því hann hefur sýnt sig klaufalegan við þær aðstæður. Raggi lítur til hans upp úr vasabókinni sinni, lyftir pennanum hissa en lækkar hann aftur og heldur áfram að skrifa.

Leó heldur þræðinum, þessu með bindið, í einu af sínum innri eyrum og spyr:

– Sá seki gæti hafa komið með bindið, eða hvað heldur þú, Raggi?

– Jú, það er eitthvað kyndugt í framvindunni eins og það heitir. Enginn situr við vinnu sína skyrtulaus í bol en samt með bindi.

– Jamm, jánkar Leó, argur yfir að hafa ekki tekið eftir því að undir jakkapeysunni er Kjartan í bol.

– Þarf hjálp, verð að kíkja í kokið, segir Guðný og Leó snýr sér þangað.

– Mynda úti, segir Ragnar og hverfur út um garðdyrnar.

Svanhvít er sú eina sem er nógu næs til að heilsa upp á aðstoðarfólkið, tvær stelpur penslandi í leit að fingraförum við brotnu rúðuna og dyrnar og feitlaginn mann, tínandi smáagnir af gólfinu með töng. Leó styður við höfuð Kjartans fyrir Guðnýju, hún opnar munninn, tekur stroku og lýsir inn í tómið. Leó sér Guðrúnu fyrir sér, strjúkandi þetta höfuð, kyssandi þennan brátt rotnaða munn. Þegar líkmennirnir flytja hann bendir Svanhvít Leó á stólinn sem

eftir stendur. Á honum er hlandpollur. Áherslumerki. Líkið er farið úr húsinu en pollurinn talar. Geðveikin gengur laus og kemur minna á óvart eftir hrun.

– Mér fannst hann hrokafullur, virkaði þannig í Kiljunni. Frekur, segir hún.

– Jamm, tekur Leó undir. – Hann skyggði á marga, hefur skyggt illa á einhvern. Þú ættir að fara niður í Sögufélag þegar þú ert búin að spyrja nágrannana. Spyrjast fyrir um hann.

– Sögufélag …?

– Svanhvít, þetta áttu að vita. Það er í Fischerssundi. Beint upp frá Hlöllabátum … á Ingólfstorgi.

– Jaaah, segir hún og glottir. – Ókei. Labba. Sé þig á eftir.

Hrefna er inni í eldhúsi og vinkona hennar yfir henni með hönd á öxl þegar Leó kemur inn.

– Fyrirgefðu umrótið, hörmulegt. Ég ítreka boð um áfallahjálp.

– Best að hafa Sunnu, segir hún og horfir þakklát til vinkonu sinnar sem sleppir takinu, verður vandræðaleg, gengur tvö skref til baka og hallar sér upp að gluggakistu. – Hún var hér með mér þegar þetta gerðist. Heyrði það sem ég heyrði, getur vitnað með mér. Sestu, segir hún, snýr sér að Sunnu og klappar á stólinn við hliðina á sér.

– Ertu viss um að þú treystir þér í viðtal?

– Já. Ég er furðu róleg. Lömuð. Fór inn og sá … er samt ekki að ná þessu. Spurðu bara. Gott að dreifa huganum.

Leó sest og eftir mátulega þögn kveikir hann á digitaltæki með svampklædd svört eyru sem nema hljóð.

– Kom einhver í morgun, hringdi eða hafði samband við ykkur nýlega?

– Ekki nema, jú. Í gær kom Bolli og í fyrradag Helgi, bróðir

Guðrúnar. Kjartan öskraði á þá báða, hótaði þeim öllu illu. Ég heyrði ekki orðaskil en svo mikið heyrði ég. Kallaði Bolla níðing … hrópaði níðingsverk. Ég var í eldhúsinu, ekki í skapi til að hlusta eða leggja við eyrun. Þeir héldu ró sinni og komu báðir til mín að spjalla áður en þeir fóru. Hristu hausinn … voru miður sín og spurðu hvort það væri ekki hægt að gera eitthvað fyrir Kjartan, koma honum á geðlyf.

– Og? leiðir Leó hana áfram.

– Við tölumst varla við lengur, töluðumst, við Kjartan. Ég treysti mér ekki til að stinga upp á slíku þótt hann hefði verið hryllilegur, niðurbeygður, síðan fjármálin fóru í vaskinn. Ég var löngu búin að sjá að samband okkar var ónýtt. Hann var haldinn sjúklegri áráttu. Fljótlega eftir að við … ég flutti inn … sá ég hvað allt var falskt … fann allt molna.

Leó lítur á tækið, sér að það logar. Hún þagnar svo hann lyftir hendi til merkis um að hún skuli halda áfram.

– Kjartan var í maníu, heldur hún áfram. – Það væri ekki til neins. Hefði ekki verið til neins. Að segja honum að fara til læknis, meina ég, hvað þá geðlæknis. Það hefði verið að tala fyrir daufum eyrum.

– Eins og að skrifa í vatn.

– Nákvæmlega. Hann þáði aldrei ráð Bolla. Hann stjórnaði honum síðan þeir voru litlir.

– Batman og Robin, segir Leó.

– Einmitt. Nema í fjármálum, þar ráðlagði Bolli honum. Því miður.

– Þetta hljómar eins og hann hafi átt sökótt við Bolla en ekki öfugt.

– Já, ég veit. Ég hefði frekar búist við því að hann fyndist dauður. Bolli alltsvo, það hefði ég skilið. En sagan er lengri. Miklu lengri.

Það tók mig tíma að átta mig á stöðunni sem ég lenti í, forsögu þeirra þriggja. Frændanna og Guðrúnar.

Leó teygir úr löppunum á meðan hugurinn dregur upp myndir úr teiknimyndasögum barnæskunnar. Batman hefur keyrt líf sitt í hnút og ginnir Robin til að drepa sig. Fullkomið píslarvætti sem dregur sanna refsingu yfir þá sem hann á grátt að gjalda. Hann dregur andann djúpt:

– Áttu kaffi? Ég hef nógan tíma.

I

Fangs er von af frekum úlfi 1995

Dauði á borði Leós

Eftir dag í jeppa vestur og hótelnótt á Ísafirði aka þau inn Djúpið og ætla eins langt og vegurinn nær. Þegar þau nálgast áfangastað verður ljóst að Norðri hefur misst beislið af vindinum. Stormurinn nuddar svo fast að tæplega þykir Vestfjarðakjálkanum það þægilegt. Og af hverju heitir hann kjálki þegar hann minnir frekar á höfuð? hugsar Þórður. Jú, áttar hann sig, með hugann langt út úr gluggganum, Vestfirðir skiptast í efri og neðri kjálka. Djúpið er munnurinn … og ég að aka efri góminn, ályktar hann. Björgin stóru sem skaga í Grænlandshaf út eru tennurnar.

Kjálki skafinn jöklum … vatni og vindum.

Snæfjallaströnd er kuldaleg, fölvi ei farinn úr fjöllum þótt komið sé sumar. Þetta er stóra kælinum að kenna sem liggur þarna uppi,

heimasmíðuðu módeli af gerðinni Drangajökull. Hann er ósýnilegur af veginum og fer minnkandi, leið jökla liggur niður á við. Ekki niður á við, leiðréttir hann sig, heldur inn í ferðalag vatnsdropanna … minningin strýkst sem fjöður fjarlægrar gleði úr bók sem hann forðum las fyrir börnin. Kátir vatnsdropar með augu, nef og munn líða hlæjandi um láð, haf og himin. Hann kíkir í spegilinn á þungbúin börnin. Augað flýr aftur út um gluggann.

Hugurinn kemst ekki eins auðveldlega frá börnunum og augað. Þeim er engin gleði í huga. Þau hafa ekki æviþjálfun í flóttamennsku og eróbík dugnaðarins eins og hann. Hann er örgeðja og hugurinn aldrei kyrr. Hjartað aumt og illa tengt, annars hefði hann ekki farið svona með þau.

Bíllinn tekur enn einn kipp. Þetta er enginn vegur.

Dimmfjölluð ströndin minnir á risalanga súkkulaðiköku með hvítri ísingu sem lekur niður í dalverpum lækja. Útsýnið breytist í köku … enda er hann sísvangur af misheppnuðum tilraunum til að grennast. Það kostar extra að hafa fengið sér unga konu.

Honum dettur í hug að nefna þetta með fjallakökuna við krakkana en má ekki við því að segja eitthvað sem þau ná ekki, viðurkenna ekki eða vilja ekki skilja. Gagnvart þeim líður honum ekki sem stjórnarformanni heldur þræl sem bara elskar og þau mest en kann ekki lengur að geðjast þeim. Þau dæma hann hart eins og mamma þeirra. Mikið hefur hann eyðilagt í eigingirniskasti og löngun til að lifa með nýrri konu.

Hann er leiksoppur í öðru samhengi en stjórn farartækja og fyrirtækja. Hans góðu gáfur hjálpa ekkert við þessar aðstæður. Það nístir núna þegar hann hefur stolist eins og halastjarna yfir í gamla settið að leika góða pabbann sem hann er ekki. Eins og til að taka undir hugsun hans grípur stormurinn í jeppann.

Hér á 68° norður, rétt við Grænlandshaf og heimskautsbaug, er loftið ýmist í hlutlausum, þægilega kelið eða bara ruddalegt. Þótt hafið missi stillinguna um leið og loftið óttast hann ekki að sigla fyrir Horn, ekki ef bátseigandinn treystir sér, honum er treystandi. Þetta eru reyndir menn.

Loftið er magnað, finnst honum. Vindúlfarnir. Engin fúl stöðnun eða storknun þar. Vindurinn veldur dýrum angist og leiða, breiðir út elda, drekkir skipum, fleytir þakplötum … húsin eru sterk núorðið. Einhver sagði honum að fyrstu timburkirkjurnar hefðu tekist á loft í stórviðrum sem eldspýtustokkar. Þá voru settar á þær stálkeðjur … hann sá þetta á mynd. Stormurinn losaði þær af grunninum en þá tóku keðjurnar við. Tilhugsunin um kirkjur opnar fyrir sársaukann í honum. Í frjálsara samfélagi hefði Auður bara fengið sér elskhuga þegar hann fór. Þá væru börnin kátari.

Hann sér Lísu í bakspeglinum. Hún stingur dimmu augunum sínum í hans um leið og hann hugsar um skilnaðinn. Hann elskar þessa stelpu svo mikið. Hvernig á hann að ná í gegnum ísaðan líkama hennar að hjartanu? Augun fyllast af safa því líknarvegur ímyndunaraflsins nær ekki lengra.

Bíllinn rennur að bryggju neðan við dalverpi sem forðum hélt lífinu í tuttugu manns. Krakkarnir eru ein spurn og hann veit hvað þau hugsa.

– Skipið kemur.

Þegar hann opnar bílinn krefjast krumlur stormsins inngöngu og reyna að rífa hurðina af hjörum.

Hann ber fimm daga vistir niður á höfnina. Hviðurnar lemja hann sem hund. Þær eira engu.

Hundlaminn sér hann ekki betur en að mávarnir fíli storminn, bara rússíbanast upp og niður stormöldurnar.

Á svona dögum er himnaríki í holu niðri í jörðinni … eða hér í þægilegum glæsijeppa föður þeirra. Þau finna til öryggis þótt mædd séu. Langar helst ekki lengra, bara kúra hér og sofa. Þau híma í baksætinu heila eilífð þar til báturinn loks kemur, með augun á dótinu sem faðir þeirra ber niður á bryggju. Þau þora ekki að fikta í tölvuleik því þau muna hvað það pirraði hann á heilögum samverustundum fjölskyldunnar. Þá var hann ekki mettaður þessari gervigleði.

Þögnin ríkir rofin vindhviðum. Hann hefur sem betur fer gefist upp á sínu létta hjali um að það sé háflæði og slíkt, því þau svara dræmt og brosa skakkt.

Loks paufast þau um borð, Þórður með hugann við börnin og þau vandræðaleg yfir því hvað þau langar lítið í þessa ferð. Venjulegir krakkar fíla auðvitað fjóra daga með pabba fjarri þekktu samhengi, en þau eru meidd því þegar hann flutti pakkaði hann gleði móður þeirra niður með nærbuxunum.

Fyrst styður hann Tuma litla, innskeifan í hvítum íþróttaskóm, og svo Lísu, föla og alvarlega, niður í smábát við bryggjuna og þaðan upp í haffæra skipið sem lagði við hliðina. Svipurinn á litlu ræflunum snertir hann djúpt, þau eru svo alvarleg og einbeitt, þurfa enda að viðhafa flókin fótatök á leiðinni yfir í stóra bátsskutinn. Það er heilmikið dæmi að laga sig að ójafnvæginu þegar mýkt hafsins tekur við undir plastþiljum. Sjónhringur fjalls, himins og hafs er óraunverulegur í veltingnum, eins og umlykjandi kvikmyndatjald sé við það að losna.

Þórður þykist góður að bjóða þeim hreina náttúru á hjara veraldar en krakkana langaði á kaf í barnamenninguna en ekki burt frá henni, íslensk náttúra er þeirra innyflum óhugnanleg. Nýja hluti í Disneylandi og Tívolí má endalaust krossa við á barnalandakortinu … en þetta! Gæðatími með pabba, vá, hvað hann er ekki að fatta.

Þau finna hvað hann er spenntur þegar hann lyftir þeim milli skips og bryggju. Hann stjórnar alltaf, spyr ekki, hlustar ekki, bara skipar. Engin undankoma er frá þessari votu leið. Gullið hlið sýndarheims lokaðist er þau óku út úr siðmenntun rafmagns. Tölvuleikirnir eru dópið þeirra, bangsinn og fljúgandi teppið.

Vald náttúrunnar hrátt og hryllilegt býður dans á stærstu röstum Norður-Atlantshafsins. Þórður viknar þegar hann les hræðslusvipinn af þeim og spyr sjálfan sig hvað hann sé eiginlega að gera. Hann er sem virtur vinnuveitandi vanur að vera hreinn og beinn og aldrei með leikaraskap, en hefur nú í tvo daga rembst við að halda uppi glöðu og róandi grímunni sem hann heldur að segi: nú er gaman, en börnin lesa bara *nú á að vera gaman*. Hann sem var svo feginn að geta komist burt frá öllu með börnin, burt frá fyrrverandi og núverandi og sjálfum sér og öllum hnútunum, hélt hann hlyti að geta opnað rifu yfir í þann heim sem hann átti með börnunum áður en geðveiki skilnaðarins gekk yfir.

Lísa dregur húfuna lengra niður fyrir eyrun á meðan hann sest á móti þeim úti á litlu hálfyfirbyggðu þilfari sem liggur undan vindi og næstum grettir sig þegar hún sér hann stilla grímuna. Hann er breyttur, hann er annar, eins og hann hafi orðið fyrir galdri. Hvernig getur hann verið svona kátur? Þau borga fyrir gleði hans með nýju konunni, tilfinningar gömlu fjölskyldunnar toguðust til en slitnuðu ekki við flutninginn, hann tók allt ljósið og kann ekki að gefa af því. Það gerir sá sem setur sig í annarra spor, dæmið verður að vinna út frá þeirra líðan og löngunum.

Peninga skilur hann, annað ekki, tautar mamma þeirra í grátköstum endalausra málaferlanna. Þau reyna þá að breiða yfir hana vængstubbana, til að draga úr gargi hatursfyglanna sem hún dregur um húsið … og hvernig líður henni núna? Ekki vel, það er víst, þau

hugsa bæði til hennar þegar faðir þeirra stendur þarna í storminum og stillir sér upp reigður við grindurnar til að njóta útsýnisins á meðan aldan skvampar úfin við kinnungana. Þegar vélin kippir bátnum í gang horfast systkinin í augu með samræmdum skilningi. En verra gæti það verið.

– Hvernig heldur þú að það væri ef þú værir eina barnið? laumar Tumi í eyra systur sinnar, nýsestur aftur eftir að hafa litið inn til karlanna í stýrishúsinu.

Hugsa jákvætt, rétt hjá honum, reyna að þola þetta eins og annað. Verra gæti það verið. Næsta hugsun eltir athugasemd litla bróður. Nýja konan hefði getað verið með … en er ekki, sem betur fer.

Leiðin liggur hjá milljónabyggð fiðraðra fiskæta. Þar finnst vart ósátt fjölskylda. Þar rugla ekki kynlegar dillur fegurð og framgang lífsins.

Sjófuglar gapa yfir þeim.

Leó hryllir við líkunum þótt línið hylji. Minna við föðurnum en telpunni og drengnum sem fundust með þang um hálsinn.

Skrokkarnir í London í fyrra voru fjarlægari, skrítið. Eins og útlönd væru í stærð sinni viðurkenndur stríðsvöllur og lík ættu þar heima. Þegar hann stóð öruggur í hópi nemenda héldu líkin næstum eins kaldri fjarlægð og á sjónvarpsskerminum, þótt innan seilingar væru. Hér í flóðlýstum kuldalegum kjallaranum ber hann einn þunga nálægðarinnar við dauðann þar til hún kemur, hvað heitir hún aftur réttarlæknirinn? Leó dregur miða upp úr buxnavasanum, jú, Guðný Gunnarsdóttir. Hlakkar fyrir vikið meira til að sjá hana en hann átti von á. Sérfræðingur í vefjameinafræði, furðulegur smekkur og jafnvel enn meira *morbid* en hans eigin menntun. Næsti bær við *murder* og *Mordor*.

Hann dregur línið niður. Drengurinn er fínlegur, hallar kolli svo skín í ljóst skott niður úr hnakkanum … Leó stendur í trans frammi fyrir höggmynd af skelfingu, smáatriði áferðar jafnt sem útlínur greypa sig í huga hans. Stúlkubarnið er líka marmarahvítt. Hárið í flókabendu eftir fingur sjávar. Hræðsla við að eitthvað hendi telpukornið hans gusast upp. Hann lokar augunum og sér holdskarpa barnengla með silfraðan handanheim í augum og flugvöðva strengda yfir brjóstið.

Óljóst skynjar hann endurhljóm þess sem gerðist eins og niðinn í stórum kuðungi. Þetta er aflið sem býr í þögninni eftir ægilegt *crescendo*. Hún fyllir herbergið og er kæfandi.

Djöfuls skömm … hann flýr undan barnsbúkunum að möppunni sem hann lagði á skrifborðið og hlammar sér í samræmdan spítalastól sem gefur ekki undan. Opnar í fáti aðra möppu með greinargerð um að lýsa eigi aðstæðum við dauðsfall, skrá aðstandendur, niðurstöður frekari rannsókna, lýsingu réttarkrufningar, sjúkdómsgreiningar sem og heildarniðurstöðu réttarlæknis. Hann kemst ekki undan þessu. Verður að venjast þessu, standa svalur og staðfesta dauðamerki, líkstirðnun, líkbletti og rotnun.

Flýr úr reglugerðum Guðnýjar yfir í möppuna sína. Heyrir enn staðreyndirnar sem vaktmaðurinn las yfir honum uppi á stöð. Ísfirðingarnir tveir sem sigldu bátnum eru í líkhúsinu fyrir vestan. Sá yngri var bara með sér til ánægju, vinur eigandans. Tíma tekur að fá endanlegt tjónamat og fyllri mynd af því sem gerðist. Auðvitað er þetta bara slys en enginn siglir yfir um án þess að skýringar séu vandlega skráðar. Tómt vottorðið aftast minnir hann á að eftir er að bera formleg kennsl á feðginin, þótt nöfnin hafi fylgt skýrslu lögreglunnar að vestan. Fundur með stjúpmóður barnanna er á dagskrá eftir að Guðný hefur látið honum sitt í té munnlega og

skriflega. Fyrst að þeim fundi loknum getur hún fyllt út dánarvottorðið. Pínleg líkskoðun með aðstandanda er nauðsynlegt ritúal, því víðavangslík bera ekki númer á tánni eins og þau spítaladauðu.

Þyrlan fann þau sjórekin í Hælavík. Ofan við borðið hangir landakort og hann stendur upp til að skoða smátt letrið þótt hann hafi fálkaaugu undir kolsvörtum lubbanum.

Hann hlammar sér niður aftur og hagræðir sér í stólnum svo rassinn skýst í tómið, tyllir olnbogum á borðið og hvílir höfuð milli handa, þungur á svip eins og *Melancholia* Albrechts Dürer. Sér fyrir sér skápana í geymslusalnum frammi og misljóta fæturna undir lökunum með númer á tá. Kaldhæðið þetta með númerin … hringurinn sem hófst á fæðingarheimilinu lokast, merkimiðar marka inngöngu og útgöngu. Heimurinn slær með takti tölustafa á meðan hamingjan býr í slumpi sem endar svona.

Dauðans dyr eru kistulokið, en fólkið á stálborðinu hefur ekki enn gengið um þær. Það er nógu lifandi til að segja Guðnýju síðustu sögu sína. Segir það með lungum og lifur.

Ekki má rugla mállausum saman, það eiga hin nýfæddu og dauðu sameiginlegt. Þess vegna númer. Nýfædd erum við ómálga og að lokum þögguð dauða. Þar fer svipað bjargarleysi. Hvað tautaði afi aftur yfir litla bróður … „hamlar æska þér en elli mér“ eða eitthvað svoleiðis.

Bros færist skyndilega yfir andlit Leós þegar hann sér afa sinn fyrir sér sem engil með lafandi vængi og merkimiða á tánni labba um á himnum, hreinsaðan syndum. Eftirskin af væntumþykju hellist eins og rembrandskt ljós inn í þetta steríla kjallaraherbergi.



Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir er sagnfræðingur og rithöfundur. Auk ýmissa bóka, ævisagna, ljóðabóka, glæpasagna og sögulegra skáldsagna hefur Þórunn ritað fjölda greina í innlend og erlend blöð og tímarit. Bók hennar um Snorra á Húsafelli var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, skáldsögur hennar *Alveg nóg* og *Stúlka með fingur* voru tilnefndar til Menningarverðlauna DV og sú síðari hlaut verðlaunin og var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Í anda fyrri bókar sinnar, *Kalt er annars blóð*, fléttar Þórunn hér glæpasagnaformið glæsilega saman við íslenska sagnahefð og íslensk örlög í nútíð og fortíð.

„Sem glæpasaga er Kalt er annars blóð vel lukkuð en hér er fyrst og fremst um bráðskemmtilega samtímasögu að ræða þar sem lesandinn fær meira fyrir sinn snúð en oftast þegar lesnar eru sögur um glæpi.“

Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið (um *Kalt er annars blóð*)

„... þetta er enginn venjulegur krimmi ... Það eru ótrúlega margir boltar á lofti í þessari sögu, hún skemmtir lesandanum á mörgum plönum, er spennandi, fyndin og alvarleg allt í senn.“


Jón Yngvi Jóhannsson / Ísland í dag (um *Kalt er annars blóð*)


ALDIRNAR - LIFANDI SAGA LIÐINS TÍMA

Aldirnar eru sígildar og einstaklega vinsælar bækur þar sem Íslandssögunni eru gerð skil á aðgengilegan hátt í máli og myndum.


NÝTT


Iðunn endurútgefur sjö bækur sem hafa verið uppseldar lengi auk þess sem ný bók um tímabilið 1995–2000 lokar bókaflokknum.

















Fylltu upp í safnið